



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.119 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, fimmtudaginn 25.ágúst 2016 klukkan 15:00. Mætt eru til fundarins Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Guðmundur Vignir Steinsson, Bjarki Guðnason, Guðbrandur Magnússon og Vigfús Þór Hróbjartsson Skipulags og byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs. Í tillögunni felst að útbúið er nýtt stofnanasvæði (S-12) við Sönghól sunnan Skaftár.

Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Í samráði við Landmótun teiknistofu sem vinnur að skipulagsbreytingu hefur verið tekið tillit til athugasemda þar sem það á við. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 31.gr.skipulagslaga nr.123/2010 að lokinni yfirferð skipulagsstofnunnar.

2. Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs – Deiliskipulags

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna svæðis S-12 í samræmi við breytingu aðalskipulags í lið 1. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir byggingarreit undir gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs auk bílastæða.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010 samhliða auglýsingu aðalskipulagsbreytingar.

3. Efri-Vík – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram tillaga vegna aðalskipulagsbreytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps fyrir Efri-Vík. Um er að ræða breytingu á landnotkun á landi Efri – Víkur í Landbroti þar sem hluti opin svæðis, frístundabyggðar og landbúnaðar fer undir íbúðarbyggð.

Umsögn barst frá skipulagsstofnun vegna skipulagsins þar sem eftirtaldir athugasemdir komu fram:

- *Tillagan samræmist ekki núverandi skilmálum aðalskipulags þar sem segir „á Klaustri þarf að gera ráð fyrir byggingarlóðum fyrir þá sem vilja setjast þar að og stunda sína vinnu“ Innan tillögunnar skuli gera grein fyrir afhverju það sé talið nauðsynlegt að víkja frá þeirri stefnu og heimila íbúðarbyggðir utan þéttbýlis.*
 - o *Tilgangur breytingarinnar er að svara kalli rekstraraðila í ferðaþjónustunni sem vilja byggja upp aðstöðu fyrir sitt starfsfólk auk þess sem boðið eru upp á annan möguleika á búsetumunstri með stórum íbúðarlóðum. Slík uppbygging á ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á áætlanir sveitarfélagsins um frekari uppbyggingu íbúðarbyggðar á Kirkjubæjarklaustri. Ekki er um hefðbundið*